

Sveitarstjórnarfundur 29. maí 2022

Sunnudaginn 29. maí 2022 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til fyrsta fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir og Arnlín Óladóttir. Finnur Ólafsson leitar afbrigða og tekið verði á dagskrá sem lið 13. Aðalskipulag Kaldrananeshrepps

Oddviti setti fund kl. 20:00. Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Dagskrá 1. fundar:

1. Fundargerð 41. sveitarstjórnarfundar 4.5.2022.
2. Kosning oddvita og varaoddvita
3. Siðareglur
4. Nefndarkjör
5. Fyrirkomulag sveitarstjórnafunda
6. Fundargerðir nefnda
7. Aðrir fundir
8. Umsóknir um starf skólastjóra
9. Úthlutun veiðidaga í Bjarnarfjarðará
10. Erindi nemenda Grunnskóla Drangness
11. Beiðni Umhverfisstofnunar
12. Erindi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Fundargerð:

- 1. Fundargerð 41. sveitarstjórnarfundar 4.5.2022**
Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi. Lögð fram til kynningar.
- 2. Kosning oddvita og varaoddvita**
Finnur Ólafsson var kosinn oddviti með 4 atkvæðum
Hildur Aradóttir var kosin vara oddviti með 3 atkvæðum
- 3. Siðareglur**
Siðareglur bornar upp, samþykktar samhljóða og sveitarstjórnarmenn staðfestu þær með undirritun sinni.
- 4. Nefndarkjör**

Hafnarnefnd:

Nefndin fer með málefni Drangneshafnar skv. 10.gr hafnalaga nr. 61/2003

Aðalmenn: Halldór Logi Friðgeirsson, Drangnesi
Magnús Ö. Ásbjörnsson, Drangnesi
Margrét Ólöf Bjarnadóttir, Drangnesi

Varamenn: Haraldur V. Ingólfsson, Drangnesi
Ásbjörn I. Magnússon, Drangnesi
Halldór Höskuldsson, Drangnesi

Kjörstjórn til sveitarstjórnar- og alþingiskosninga.

Aðalmenn: Jenný Jensdóttir, Drangnesi - formaður
Helga L. Arngrímsdóttir, Drangnesi
Marta Jóhannesdóttir, Drangnesi

Varamenn: Pálmi Sigurðsson, Klúku
Hildur S. Bruun, Bassastöðum
Einar Unnsteinsson, Steinholt

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd.

Nefndin er skipuð skv. 6. gr skipulagslaga nr. 123/2010, 14.gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Finnur Ólafsson kallar nefndina saman í fyrsta sinni. Nefndin skiptir með sér verkum

Aðalmenn: Ólafur Ingimundarson, Svanshóli
Finnur Ólafsson, Hóli
Jón H. Elíasson, Drangnesi

Varamenn: Aðalbjörg Óskarsdóttir, Drangnesi
Arnín Óladóttir, Bakka
Haraldur V. Ingólfsson, Drangnesi

Fræðslunefnd.

Nefndin er skipuð skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008, skv. 4 gr. laga um leikskóla nr. 90/2008, og skv. III kafla bókasafnslaga nr. 150/2012. Nefndin skiptir með sér verkum. Kristín Einarsdóttir kallar nefndina saman til fyrsta fundar.

Aðalmenn: Kristín Einarsdóttir, Hveravík
Ísabella B. L. Petersen, Drangnesi
Vigdís Esradóttir, Steinholt

Varamenn: Unnur Á. Gunnarsdóttir, Drangnesi
Tekla Þorláksdóttir, Drangnesi
Petra Jaklová, Drangnesi

Fjallskilanevnd.

Nefndin skal hafa með höndum skipulagningu fjallskila í Kaldrananeshreppi

Aðalmenn: Árni Þór Baldursson, Odða
Birna Ingimarsdóttir, Kaldrananesi
Svanur H. Ingimundarson, Drangnesi
Varamenn: Ingi Vífill Ingimarsson, Kaldrananesi
Erna Arngrímsdóttir, Baldurshaga
Friðgeir Höskuldsson, Drangnesi

Fulltrúar á Fjórðungsþing Vestfjarða:

Arnín Óladóttir, Bakki
Hildur Aradóttir, Drangnesi
Finnur Ólafsson, Hóli
Halldór L. Friðgeirsson, Drangnesi
Ísabella B. L. Petersen, Drangnesi

Almannavarnanefnd Strandasýslu og Reykhólahrepps

Aðalmaður: Finnur Ólafsson, Hóli
Varamaður: Hildur Aradóttir, Drangnesi

Velferðarnefnd Stranda- og Reykhóla

Aðalmaður: Jenný Jensdóttir, Drangnesi
Varamaður: Aðalbjörg Óskarsdóttir, Drangnesi

Fulltrúi í stjórn Félagsþjónustu Stranda- og Reykhóla

Aðalmaður: Jenný Jensdóttir, Drangnesi
Varamaður: Sunna Einarsdóttir, Drangnesi

Fulltrúi á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Aðalmaður: Finnur Ólafsson, Hóli

Varamaður: Hildur Aradóttir, Drangsnesi

Fulltrúi á aðalfund lánasjóðs sveitarfélaga

Aðalmaður: Finnur Ólafsson, Hóli

Varamaður: Hildur Aradóttir, Drangsnesi

Fulltrúi í Útgerðarfélagið Skúla ehf.

Aðalmaður: Margrét Ó. Bjarnadóttir, Drangsnesi

Varamaður: Arnlín Óladóttir, Bakka

Fulltrúi í stjórn Fiskvinnslunnar Drangs ehf

Aðalmaður: Gunnar Jóhannsson, Hveravík

Varamaður: Björn Hróarsson, Bassastöðum

Fulltrúi í stjórn Laugarhóls ehf.

Aðalmaður: Aðalbjörg Óskarsdóttir, Drangsnesi

Helga Lovísa Arngrímsdóttir, Drangsnesi

Varamaður: Auður Höskuldsdóttir, Bær 1

Ingólfur Árni Haraldsson, Drangsnesi

Fulltrúi í stjórn Sorpsamlags Strandasýslu

Aðalmaður: Finnur Ólafsson, Hóli

Varamaður: Hildur Aradóttir, Drangsnesi

5. Fyrirkomulag sveitarstjórnafunda

Ákveðið að halda óbreyttu fyrirkomulagi.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

6. Fundargerðir nefnda

a. Aðalfundur Veðifélags Bjarnarfjarðarár 2022, 22.05.2022.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

b. Fundur fræðslunefndar, 18.05.2022.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn ákveður að verða við ósk í lið

1 og 3 og veitir fjármagn til þess. Sveitarstjórn hefur leitað til fagaðila að annast stjórnun á viðhaldi skólans og vonast til þess að þeim framkvæmdum sem þörf er á verði lokið fyrir skólasetningu skólaárs 2022-2023.

Sveitarstjórn staðfestir aðra liði.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

7. Aðrir fundir

a. Fundargerð 49. fundar Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps, 09.05.2022.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

b. Fundargerð 138. fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis, 11.05.2022.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

c. SÍS, 18. samráðsfundur skólateymis, fræðslustjóra og sveitarstjóra þar sem ekki eru starfandi skólaskrifstofur, 17.05.2022.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

8. Umsóknir um starf skólastjóra

Auglýst var eftir starfskrafti til þess að taka við starfi skólastjóra við Grunnskóla Drangsness 1. ágúst 2022 og barst hreppnum ein umsókn.

Fræðslunefnd tók umsóknina til umfjöllunar á fundi sínum þann 18. maí síðastliðinn og mælti heilshugar með þeim umsækjanda.

Umsókn lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn felur oddvita að ráða umsækjanda.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

9. Úthlutun veiðidaga í Bjarnarfjarðará

Búið er að fá uppfærða íbúaskrá frá Hagstofu Íslands og hefur þjónustufulltrúi parað íbúa í tveggja manna hópa. Nemendur við Grunnskólann á Drangnesi hafa einnig dregið úthlutanir veiðidaga líkt og hefð hefur verið síðustu ára.

Sveitarstjórn samþykkir úthlutun veiðidaga og felur þjónustufulltrúa að birta niðurstöður í Verslunarfélagi Drangsness og heimasíðu hreppsins.

Borið upp og samþykkt með fjórum atkvæðum, eitt situr hjá.

10. Erindi nemenda Grunnskóla Drangsness

Nemendur Grunnskóla Drangsness vildu benda sveitarstjórn á að það þarf að endurnýja skiltið við kerlinguna en það hefur orðið fyrir skemmdum.

Erindi tekið til kynningar.

Oddvita falið að bregðast við. Borið upp og samþykkt samhljóða.

11. Beiðni Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun hefur borist umsókn vegna seiðaeidisstöðvar Nesvegs 5 ehf. Ásmundarnesi í Bjarnarfirði, þar sem áætluð ársframleiðsla verði um 45 tonn af regnbogasilungi.

Stofnunin óskar eftir umsögn sveitarfélagsins um hvort að sveitarfélagið telji að áætluð starfsemi Nesvegs 5 ehf. Ásmundarnesi samræmist gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við

samþykkt notkun fasteignar.

Beiðni lögð fyrir. Oddvita falið að svara beiðni Umhverfisstofnunar.
Borið upp og samþykkt.

12. Erindi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Erindi Húsnæðis og mannvirkjastofnunar er tvíþætt og hljóða svo :

a. Birting leiðbeininga 9.2.3 gr. og 9.6.23 gr. byggingarreglugerðar

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) annast gerð leiðbeininga um nánari framkvæmd byggingarreglugerðar nr. 112/2012 í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra hagsmunaaðila. Leiðbeiningar við reglugerðina 9.2.3. gr. „Greinargerð og sannprófun lausna“ og 9.6.23. gr. „Starfsemi sem sérstök hættu stafar af“ eru nú aðgengilegar inn á vef HMS.

b. Drög að leiðbeiningum um brunavarnir

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) annast gerð leiðbeininga um brunavarnir en leiðbeiningar þessar eru meginreglur og í stöðugri endurskoðun. Með erindinu er verið að tilkynna ný drög að leiðbeiningum við reglugerð 747/2018, 18. gr. „Húsnæði og fyrirkomulag slökkvistöðva og útistöðva“ og leiðbeiningar við lög nr. 75/2000 um brunavarnir í frístundabyggð eru nú aðgengilegar inn á vef HMS.

Erindi lögð fram til kynningar.

13. Aðalskipulag Kaldrananeshrepps

Sveitarstjórn ákveður að yfirfara gildandi aðalskipulag Kaldrananeshrepps með það fyrir augum hvort þörf sé á breytingum á aðalskipulagi vegna samfélagslegra breytinga.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 22:50